

Svar við fyrirspurn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Breytingar á gjaldskrá akstursþjónustu fatlaðra

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sem barst þann 25. maí 2021, um breytingar á gjaldskrá akstursþjónustu fatlaðra. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort stefnt sé að því að breyta gjaldskránni vegna akstursþjónustu fatlaðra og ef það á ekki að gera það hvaða rök standa að baki því að breyta ekki gjaldskránni? Það er mismunur að fötluðum einstaklingum sem eru tilneyddir að nota ferðaþjónustu fatlaðra sé gert að greiða hærra gjald en aðrir sem geta notað annarskonar samgönguleiðir. Í 29. gr. gjaldskrárinnar um akstursþjónustu kemur fram að sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald fyrir akstursþjónustu samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórnir skulu setja og skal gjaldið vera sambærilegt gjaldi fyrir almenningssamgöngur á viðkomandi svæði. Hér segir að gjaldið skuli vera sambærilegt gjaldi fyrir almenningssamgöngur. Þarna er ekki um neitt val að ræða hjá sveitarfélögum. Árskort eru seld með almennum hætti og ættu þar með að vera þau kjör sem öllum standa til boða. Þetta ætti þá að vera það gjald sem miðað er við, því ákvæðið er tengt við almenningssamgöngur. Í athugasemdunum sem fylgdu frumvarpinu sem varð að lögum kemur fram að tilgangurinn með lagabreytingunni var að innleiða með efnislegum hætti 20. gr. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks Mikilvægust er 5. gr. SRFF í þessu samhengi sem kveður á um bann við hvers kyns mismun á grundvelli fötlunar, á öllum sviðum, alltaf alls staðar?“

Fjármála- og áhættusvið leitaði upplýsinga hjá velferðarsviði sem fer með málaflokk fatlaðra. Í svari sviðsins kemur fram að ekki séu fyrirhugaðar breytingar á gjaldskrá um akstursþjónustu fatlaðra. Tillaga sama efnis og hér er til umfjöllunar var lögð fram í velferðarráði þann 17. mars 2021 (fundur 396) og var niðurstaðan sú að tillagan var felld með fjórum atkvæðum gegn þremur. Lagt var fram svar velferðarsviðs um árskort og önnur tímabilskort fyrir notendur akstursþjónustu og er það hér meðfylgjandi.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Fylgiskjal:

Svar velferðarsviðs við fyrirspurn fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um árskort og önnur tímabilskort fyrir notendur akstursþjónustu.



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: fyrirspurn um árskort og önnur tímabilskort fyrir notendur akstursþjónustu.

Þann 24. júní 2020 lagði fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um árskort og önnur tímabilskort fyrir notendur akstursþjónustu:

Af hverju er ekki í boði fyrir notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks að kaupa árskort og önnur tímabilskort fyrir þjónustuna, líkt og við á um notendur Strætó bs.?

Svar:

Notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks njóta þjónustu sem er sérhæfð. Notendur eru sóttir og keyrðir heim að dyrum, geta pantað þjónustuna þegar þeim hentar, sérútbúinir bílar eru nýttir, auk þjónustu leigubíla og fleira.

Töflurnar hér fyrir neðan sýna samanburð á tekjum miðað við óbreytt fyrirkomulag í akstursþjónustu fatlaðs fólks og ef boðið væri uppá árskort. Byggt er á upplýsingum fyrir árið 2019 og sett fram mismunandi dæmi um árskort sem kosta 23.200 kr. sem er sama verð og árskort fyrir aldraða og öryrkja í Strætó, árskort sem kosta 40.000 kr. og 100.000 kr.

Ef boðið væri upp á árskort sem kostar 23.200 kr. þá eru um 501 einstaklingur í Reykjavík sem greiðir meira en sem nemur kostnaði af árskortum og má því gera ráð fyrir að sá fjöldi myndi kjósa að kaupa árskort. Ef sú breyting yrði gerð þá myndu heildartekjurnar lækka um 41,3 m.kr.

	Fjöldi einstaklinga	Ferðafjöldi	Tekjur af stakri ferð	Tekjur af árskortum	
Garðabær	35	14.457	3.325.110	812.000	
Reykjavík	501	200.664	46.452.720	11.623.200	
Mosfellsbær	61	20.591	4.735.930	1.415.200	
Seltjarnarnes	16	5.894	1.355.620	371.200	Mismunur
	613		55.569.380	14.221.600	41.347.780

Ef boðið væri upp á árskort sem kostar 40.000 kr. þá eru um 416 einstaklingar í Reykjavík sem greiða meira en sem nemur kostnaði af árskortum og má því gera ráð fyrir að sá fjöldi myndi kjósa að kaupa árskort. Ef sú breyting yrði gerð þá myndu heildartekjur lækka um 32 m.kr.

	Fjöldi einstaklinga	Ferðafjöldi	Tekjur af stakri ferð	Tekjur af árskortum	
Garðabær	31	13.981	3.215.630	1.240.000	
Reykjavík	416	189.133	43.500.590	16.640.000	
Mosfellsbær	45	18.423	4.237.290	1.800.000	
Seltjarnarnes	13	5.487	1.262.010	520.000	Mismunur
	505		52.215.520	20.200.000	32.015.520

Ef boðið væri upp á árskort sem kostar 100.000 kr. þá eru um 213 einstaklingar í Reykjavík sem greiða meira en sem nemur kostnaði af árskortum og má því gera ráð fyrir að sá fjöldi myndi kjósa að kaupa árskort. Ef sú breyting yrði gerð að þá myndu tekjurnar lækka um 9,7 m.kr.

	Fjöldi einstaklinga	Ferðafjöldi	Tekjur af stakri ferð	Tekjur af árskortum	
Garðabær	19	10.008	2.301.840	1.900.000	
Reykjavík	213	129.939	29.885.970	21.300.000	
Mosfellsbær	22	12.007	2.761.610	2.200.000	
Seltjarnarnes	5	2.986	686.780	500.000	Mismunur
	259		35.636.200	25.900.000	9.736.200